

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/584**

2023/EES/79/14

frá 15. mars 2023

um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1493 um leyfi fyrir L-meþíóníni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80245 og *Escherichia coli* KCCM 80246, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Notkun á L-meþíóníni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80245 og *Escherichia coli* KCCM 80246, sem fôðuraukefni var leyft til 10 ára fyrir allar dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1493 ⁽²⁾.
- 2) Tilgreining á hámarksrakainnihaldi og hlutfalli annarra aminosýra í aukefninu, sem er tilgreint sem „3c305ii“, í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1493 er röng.
- 3) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1493 til samræmis við það.
- 4) Í því skyni að koma í veg fyrir röskun á setningu fôðuraukefnisins á markað vegna villunnar í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1493 ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar færsluna fyrir aukefnið L-meþíónín, sem er tilgreint sem „3c305ii“ í dálknum „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“ í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1493 er textanum:

„Blanda með að lágmarki 90% L-meþíóníni og 0,5% hámarksrakainnihald

— aðrar aminosýrur $\leq 0,63\%$ “, skipt út fyrir eftirfarandi:

„Blanda með að lágmarki 90% L-meþíóníni og 1,5% hámarksrakainnihald

— aðrar aminosýrur $\leq 0,70\%$ “.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 77, 16.3.2023, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 199/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1493 frá 8. september 2022 um leyfi fyrir L-meþíóníni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80245, og *Escherichia coli* KCCM 80246 sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 234, 9.9.2022, bls. 18).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. mars 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
